

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 21.11.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Raunverulegir eigendur

Aðalstjórn þarf að skrifa undir tilkynningu um breytingu á stjórn. Samkvæmt aðalfundi sem haldinn var 20.6.2024 var aðalstjórn skipuð eftirfarandi aðilum:

Formaður: Bergur Jónmundsson

Aðrir stjórnarmenn: Erla Bjarnadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Gunnólfur Sveinsson, Ingvar Björn Guðlaugsson og Sigvaldi Þór Einarsson.

Samþykkt og undirritað af öllum þeim sem mættu á fundinn.

2. Viðbrögð Norðurlings við vallarúttekt

Fyrir aðalstjórn liggur minnisblað um viðbrögð Norðurlings við vallarúttekt KSÍ ásamt því hverjir eru ábyrgðaraðilar fyrir hverjum verkþátt.

Aðalstjórn er ánægð með viðbrögð sveitarfélagsins.

3. Körfubolti

Aðalstjórn barst fyrirspurn varðandi körfuboltaæfingar í gegnum tölvupóst. Fyrir aðalstjórn liggur fyrirspurnin.

Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

4. Fjárhagsáætlun

Aðalstjórn þarf að vinna fjárhagsáætlun. Áætlunin verður unnin og tekin fyrir á næsta fundi aðalstjórnar í desember.

Framkvæmdastjóri og formaður munu setja saman drög að áætlun sem verður lögð fyrir næsta fund aðalstjórnar.

5. Níu mánaðaruppgjör

Aðalstjórn er ánægð með að búið sé að bóka stærstan hluta þessa árs. Stjórnin mun fara betur yfir níu mánaðaruppgjörið á næsta fundi ráðsins.

6. Samfélagsstyrkur frá KEA

Völsungur hefur hlotið styrk úr samfélassjóði KEA. Styrkveitingin fer fram 2. desember klukkan 17:00 í Hofi.

Ingvar Björn Guðlaugsson mun taka á móti styrknum fyrir hönd Völsungs.

Fundi slitið: 18:00

